Fréttatilkynning fór á fjölmiðla

Kvenna listinn

Reykjavík, 14. mars 1997

Til Alþýðubandalags, Alþýðuflokks og Þjóðvaka

Frá framkvæmdaráði Samtaka um kvennalista

Aukið samstarf stjórnarandstöðuflokkanna hefur mikið verið rætt að undanförnu. Kvennalistinn hefur komið að þeirri umræðu með ýmsum hætti, enda höfum við alltaf viljað vega og meta hvaða leiðir geta skilað kvennabaráttunni fram á veginn.

Kvennalistinn hefur frá upphafi lagt höfuðáherslu á kvenfrelsissjónarmið og þar með aukinn þátt kvenna í íslenskum stjórnmálum. Ef til vill gæti aukið samstarf verið leið að því marki. Nauðsynlegt er að fá sem fyrst úr því skorið hvaða hugmyndir önnur stjórnmálaöfl hafa um mikilvægi þessa þáttar.

Með bréfi þessu fer því framkvæmdaráð Kvennalistans þess á leit við Alþýðubandalag, Alþýðuflokk og Þjóðvaka að þeir tilnefni tvo fulltrúa í starfshóp, sem ræði það sérstaklega hvernig tryggja megi virka þátttöku kvenna í hugsanlegu framtíðarsamstarfi.

Með von um jákvætt svar sem fyrst
Fyrir hönd framkvæmdaráðs Samtaka um kvennalista

Sigrún Erla Egilsdóttir

Sigrún Erla Egilsdóttir
framkvæmdstýra Samtaka um kvennalista